

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 318

Dagsetning: 03.02.2026

Fundartími: 08:15 – 11.31

Fundarstaður: Orkugarður - Fundarsalur 2. hæð

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Sóley Björk Stefánsdóttir
Þórhallur Jónsson
Þröstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi

Fjarverandi

Hilda Jana Gísladóttir

Starfsfólk

Eypór Björnsson, forstjóri
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri
Erla Friðbjörnsdóttir, lögfræðingur

Gestir

Helga Hlín Hákonardóttir undir lið 1.
Rúnar Sigurpálsson undir lið 3.

Dagskrá fundar

1. Samþykktir Norðurorku hf.
2. Fallorka ehf. Stjórn og framkvæmdastjórnun
3. Fallorka ehf. Framtíð félagsins
4. Aðalfundur og ársfundur Norðurorku 2026

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

1. Samþykktir Norðurorku hf.

Norðurorka hefur látið vinna drög að endurskoðuðum samþykktum félagsins þar sem tekið er tillit til lagabreytinga sem orðið hafa frá gildistöku núgildandi samþykkt. Einnig eru gerðar tillögur að breytingum samþykktanna til að samræma þær eigandastefnu Akureyrarbæjar. Helga Hlín Hákonardóttir lögfræðingur fór, í gegnum fjarfundabúnað, yfir drög sem lögð voru fram til kynningar.

Frekari umræðu frestað til næsta fundar.

2. Fallorka ehf. Stjórn og framkvæmdastjórnun

Um síðustu áramót hætti Fallorka smásölu á raforku og rekstur félagsins snýst nú eingöngu um þær fjórar virkjanir sem eru í eigu félagsins. Þörf fyrir yfirbyggingu, stjórn og ákvarðanir í daglegum rekstri er orðin mjög lítil. Lögfræðingar hafa lagt mat á það hvernig stjórnun Fallorku gæti verið uppbyggð þannig að það rúmist innan ramma laga og reglna.

Forstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræðu á fundinum.

3. Fallorka ehf. Framtíð félagsins

Að beiðni formanns stjórnar Norðurorku hefur framkvæmdastjóri Fallorku skoðað mögulegar sviðsmyndir um framtíð félagsins. Framkvæmdastjóri Fallorku kom á fundinn til að ræða málið með stjórn.

Til kynningar.

4. Aðalfundur og ársfundur Norðurorku 2026

Aðalfundur Norðurorku hf skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Líkt og áður er stefnt að því að halda aðalfund og ársfund sama daginn, ekki síst vegna fundarfólks sem mætir á báða fundina og kemur lengra að. Lagt er til að aðalfundur og ársfundur Norðurorku 2026 verði haldnir 20. apríl 2026.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:31